

# SAMNINGUR

Háskóla Íslands, Háskólans á Hólum og Háskólans á Akureyri um

## Rannsóknamiðstöð ferðamála

### 1. Aðilar samnings og tilgangur samstarfs

Háskóli Íslands (hér eftir HÍ), Háskólinn á Hólum (hér eftir HH) og Háskólinn á Akureyri (hér eftir HA) endurnýja samning um Rannsóknamiðstöð ferðamála (hér eftir RMF), sem er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum.

Samningsaðilar hafa sameiginlega hagsmuni af því að samnýta aðstöðu og færni hvers annars til þess að efla rannsóknir og menntun, auka tengsl háskóla og atvinnulífs, og auka þekkingu í greinum tengdum ferðamálum.

### 2. Markmið

Markmið RMF er að:

- taka þátt í og efla rannsóknir tengdar ferðamálum á Íslandi
- stuðla að þverfræðilegri samvinnu innan og milli háskólanna.
- efla samstarf og samtal við atvinnugreinina og aðra hagsmunaaðila
- stuðla að samstarfi innlendra og erlendra rannsókna á sviði ferðamála
- miðla og kynna niðurstöður rannsókna í ferðamálafræðum

### 3. Stjórn

Samningsaðilar skipa hver um sig einn aðila í stjórn og einn til vara og skal fulltrúi Hí vera formaður stjórnar. Að auki óska þeir eftir því að Ferðamálastofa og Samtök ferðapjónustunnar tilnefni hvor sinn fulltrúa ásamt varafulltrúa. Stuðla skal að sem jöfnustum hlut kynja við skipan stjórnar.

Stjórnin kýs varaformann úr sínum hópi, formaður boðar stjórnarfundi og falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi, ræður atkvæði formanns. Stjórn ákveður rannsóknastefnu RMF, samþykkir ársskýrslur, ársreikning og starfsáætlun.

### 4. Forstöðumaður og annað starfsfólk

Rektor HA ræður forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar og er hann starfsmaður HA. Forstöðumaður hefur umsjón með daglegum rekstri RMF, annast áætlanagerð og hefur yfirumsjón með fjáröflun. Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn og rektor HA og situr stjórnarfundi með tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Forstöðumaður ræður starfsfólk í umboði rektors HA, í samráði við og að fengnu samþykki stjórnar. Starfsfólk RMF heyrir undir HA. Starfsfólki RMF er tryggð starfsaðstaða hjá samningsaðilum eftir því sem kostur er.

## 5. *Fjármál, aðstaða o.fl.*

Tekjur RMF eru eftirfarandi:

- framlög frá samningsaðilum, skv. samningi þessum
- framlög frá öðrum aðilum
- styrkir til einstakra verkefna
- gjafir

Aðalstöðvar RMF eru við HA þar sem forstöðumaður er staðsettur. Framlög samningaðila til RMF eru sem hér segir: HÍ greiðir árlegt framlag 3,5 m.kr., HA 3,5 m.kr. og HH 875 þús. kr. Aðilar sjá RMF fyrir aðstöðu á markaðsleigu og þjónustu á raunkostnaði en þó að hámarki sem nemur árlegu framlagi. Kjósi Ferðamálastofa og/eða Samtök ferðaþjónustunnar að taka þátt í samstarfinu skal árlegt framlag hvors aðila um sig vera 500 þús. kr.

Framlög skulu taka mið af þróun launavísitölu fastra launa opinberra starfsmanna (vísitala lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn) og miðast við ágúst 2023 (767). Framlög komi fyrst til greiðslu á fjárhagsárinu 2025 og uppfærast út frá þróun vísitölu.

Forstöðumaður hefur ekki prókúru, en samþykkir reikninga sem gjaldkeri HA síðan greiðir. RMF ber að halda verkefnisbókhald og gæta þess að fara að samkeppnislögum.

## 6. *Aðalfundur*

Ársskýrsla, ársreikningur og starfsáætlun skulu samþykkt á aðalfundi RMF og kynnt aðilum samningsins

## 7. *Lagastoð og gildistími*

Samningur þessi, sem gerður er á grundvelli 3. mgr. 26. gr. Laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, tekur við af fyrri samningi frá 19. ágúst 2021 um sama efni og kemur í stað hans. Samningurinn er ótímabundinn en hver aðili um sig getur sagt honum upp með 6 mánaða fyrirvara og tekur uppsögnin gildir frá næsta aðalfundi þar á eftir sem að jafnaði skal haldinn í maí ár hvert.

Heimilt er gera breytingar á samningnum með samþykki allra aðila.

Samningurinn er undirritaður rafrænt og varðveittur hjá öllum aðilum.

Staður, dags 2024

Undirritun rektora háskólanna sbr. fyrri samningar.

# Undirritunarsíða

Rektor  
Eyjólfur Guðmundsson

Rektor  
Jón Atli Benediktsson

Rektor  
Hólmfríður Sveinsdóttir